



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

16. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps haldinn mánudaginn 14. október kl. 20.00. Haldinn í Hvítárdal

Fundinn sátu: **Sigríð Lárusdóttir, formaður, sem setti fund og stjórnari, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður og Arna Þöll Sigmundsdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja**

1. Gjaldskrá í íþróttahúsi og sundlaug Hrunamannahrepps.

Tillaga að gjaldskrá var lögð fyrir.

Fundarmenn leggja til að 30 miða afsláttarkort detti út bæði fyrir fullorðna og börn. Gjaldskrá verði rúnuð að næsta hálfu eða heila hundraði til að einfalda. Samræma miða og gjald í íþróttasal og tækjasal. Frekari tillögur verða sendar í sér skjali.

2. Framkvæmdir í tækjasal, farið yfir framkvæmdir í tækjasal.

Framkvæmdir ganga hægt. Mikilvægt að sveitastjórn fylgi framkvæmdum vel eftir. Iðkendur tækjasals eru farnir að örvænta og vilja ólmir komast aftur í styrktaræfingar í sal. Mikil spenna og eftirvænting eftir bættri aðstöðu í tækjasal.

3. Opnunartími í sundlaug

Fundarmenn óska eftir því að gert verði ráð fyrir seinniparts opnun á fimmtudögum í fjárlögum. Í ljósi aukinar notkunnar á sundlaug er kjörið að reyna á þessa opnun.

Einnig er óskað eftir því að helgaropnun í sundlaug verði lengd frá 11.00 – 18.00

4. Tillögur að opnunartíma í tækjasal þegar hann verður tilbúin

Opið í takt við opnun í íþróttahúsi til að nýta starfsmann í íþróttahúsi. Spurning með opnun á laugardagsmorgnum samtíma krílabolta og körfuboltaæfingum. Óskað eftir því að gert sé ráð fyrir að líkamsrækt verði opin yfir sumartímamann frá og með næsta sumri.

5. Aðgangur að tækjasal

Skoða hvaða lausnir eru í boði til að halda utan um iðkendur í tækjasal, aðgangsstýring. Skannar eða hlið. Fylgjast með hvort stóru líkamsræktar fyrirtækin séu að skipta út sínum lausnum. Myndi auðvelda bókhald utan um iðkendur tækjasals og gjöld myndu skila sér betur til íþróttahússins.

6. Heilsuvikan og framkvæmd hennar

Heilsuvikan var fjölbreytt. Mis mikil þátttaka var í einstaka viðburði. Nefndin ætlar að setjast yfir hvað sé hægt að gera til að ná betur til íbúa. Einnig væri gott að fá aðstoð frá starfsmanni heilsueflandi uppsveita inni í þetta stóra verkefni. Óskað er eftir því að gert verði ráð fyrir heilsuviku á næsta ári í fjárlögum ef ekki fæst styrkur fyrir verkefninu.

Fundi slitið kl. 21:20